

LÖG
um breytingu á lögum um leigubifreiðar,
nr. 134/2001 (innlögn atvinnuleyfis).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir 5. mgr. 9. gr. getur leigubifreiðastjóri sem hafið hefur nýtingu atvinnuleyfis lagt leyfið inn. Ákvæði þetta gildir til 31. desember 2020.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. júní 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.